

Reykjavík 7. janúar 2013

## Niðurstaða athugunar á starfsemi Stafa lífeyrissjóðs

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun á þáttum í starfsemi Stafa lífeyrissjóðs með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Athuginin fór fram með gagnaöflun auk funda á starfsstöð lífeyrissjóðsins hinn 20. janúar 2012. Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram komu athugasemdir og ábendingar eftirlitsins og kröfur um úrbætur sem skal vera lokið innan tilgreindra tímamarka. Drög að skýrslunni voru afhent lífeyrissjóðnum hinn 5. september 2012 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar, dags. 3. desember 2012, var tekið tillit til athugasemda lífeyrissjóðsins eftir því sem tilefni þótti til.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn sjóðsins að hún fæli innri eftirlitsaðila að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna athugasemda og ábendinga sem vikið er að í skýrslunni. Greinargerð innri eftirlitsaðila skal berast Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 1. apríl 2013 og mun Fjármálaeftirlitið þá birta nýja tilkynningu á heimasíðu sinni.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma þegar athuginin fór fram. Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með samandregnar niðurstöður athugunarinnar.

Helstu athugasemdir sem Fjármálaeftirlitið gerði við starfsemi sjóðsins eru eftirfarandi:

### Fjárfestingar

Fjármálaeftirlitið gerir alvarlega athugasemd við fjárfestingar og flokkun lífeyrissjóðsins á óskráðum verðbréfum og lítur það alvarlegum augum að stjórnendum sjóðsins hafi ekki verið kunnugt um stöðu sjóðsins í óskráðum fjárfestingum.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við að sjóðurinn gæti ekki nægjanlega að veðhlutföllum þegar fjárfest er í skuldabréfum tryggðum með veði í sérhæfðu atvinnuhúsnæði.

Fjármálaeftirlitið gerir alvarlega athugasemd við að farið hafi verið út fyrir heimildir laga hvað varðar fjárfestingar í sjóðum sem ekki lúta opinberu eftirliti, sbr. 4. mli. 4. mgr. 36. gr. Þá telur Fjármálaeftirlitið það ámælisvert að sjóðurinn hafi ekki verið meðvitaður um stöðu sína í þessum eignaflokki.

Gerð er athugasemd við afstöðu framkvæmdastjóra hvað varðar óvenjulegar og mikilsháttar fjárfestingarákvarðanir sínar.

Gerðar eru nokkrar athugasemdir og settar fram ábendingar vegna flokkunar verðbréfa í skýrslu um sundurliðun fjárfestinga. Þá telur Fjármálaeftirlitið að upplýsingagjöf Stafa hvað varðar flokkun sjóða í 8. tl. 1. mgr. 36. greinar þurfi að vera nákvæmari. Fjármálaeftirlitið hefur áður bent á ósamræmi á milli fjárfestinga í 19. og 20. tl., í skýrslum sjóðsins um sundurliðun fjárfestinga og leitast við að leiðbeina sjóðnum í því efni.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við nokkrar lánveitingar sem eru ekki í samræmi við lánareglur sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við að sjóðurinn taki við viðbótariðgjaldi án þess að fyrir liggja samningssamband á milli sjóðsins og rétthafa. Heimild til þess að taka við viðbótariðgjaldi getur einungis byggst á undirrituðum samningi á milli rétthafa og vörsluaðila. Ekki liggur fyrir slíkt undirritað samningssamband á milli rétthafa og sjóðsins í öllum tilvikum.

Fjármálaeftirlitið vill benda á þá lausafjánhættu sem er til staðar í séreignarsjóðum og telur æskilegt að Stafir lífeyrissjóður setji sér markmið um hlutfall lausafjár og/eða auðseljanlegra eigna í hverju eignasafni séreignarsjóðsins og gæti þess að innlausnir hafi sem minnst áhrif á ávöxtun þeirra sem eiga í sjóðnum.

Gerð er athugasemd við að sjóðurinn skuli ekki setja eignastýringaraðila skorður varðandi fjárfestingar í óskráðum verðbréfum.

### **Stjórn, fundargerðir stjórnar og starfs- og verklagsreglur stjórnar**

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við að í fundargerðum stjórnar er ekki skráð hver stýri stjórnarfundum og að ekki sé nægjanlega greint frá því sem fram fer á stjórnarfundum. Einnig bendir Fjármálaeftirlitið á ríka ábyrgð stjórnar og nauðsyn þess að færðar séu ítarlegar fundargerðir þannig að ekki leiki vafi á því hvað fram fari á stjórnarfundum. Þá gerir Fjármálaeftirlitið athugasemd við afgreiðslu mála milli stjórnarfunda með tölvupóstsamskiptum, en ekki er kveðið á um slík samskipti eða ákvarðanatökur utan stjórnarfunda, í starfsreglum stjórnar.

Gerð er athugasemd við að nýir stjórnarmenn undirriti ekki frumrit starfsreglna stjórnar og við það að varamenn stjórnar undirriti ekki starfsreglur stjórnar til sönnunar þess að þeir hafi kynnt sér starfsreglur stjórnar. Gerð er athugasemd við vanhöld á því að stjórnarmenn hafi undirritað yfirlýsingar þegar nýjar verklagsreglur um verðbréfaviðskipti voru settar árið 2009.

Þá bendir Fjármálaeftirlitið á að sjóðstjórn er ekki heimilt að framselja öðrum ríkara vald en sjóðstjórn er heimilt að framselja til framkvæmdastjóra og gerir athugasemd við að slíkt hafi verið gert.

## **Upplýsingaskylda, upplýsingakerfi, áhættustýring og innra eftirlit**

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við þá samninga sem Stafir lífeyrissjóður hefur gert um hýsingu gagna og fer fram á að sjóðurinn yfirfari samningana sérstaklega með hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt hvetur Fjármálaeftirlitið sjóðinn til að taka mið af endurteknum athugasemdum og ábendingum innri endurskoðanda varðandi þennan þátt í starfsemi sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið gerir alvarlega athugasemd við skort á eftirfylgni stjórnar vegna ábendinga sem fram hafa komið í skýrslu innri endurskoðanda.

Fjármálaeftirlitið gerir í einstökum köflum athugasemdir við tilgreindar innri reglur sjóðsins og framkvæmd þeirra. Athugunin er byggð á stikkprufum á ákveðnum málefnum og því ekki um tæmandi athugun að ræða. Fjármálaeftirlitið vill benda sjóðnum á mikilvægi þess að innra eftirlit sjóðsins sé virkt og reglulegt eftirlit sé með virkni þess og hvetur því sjóðinn til að taka innra eftirlit sjóðsins reglulega til endurskoðunar.

## **Peningaþvætti**

Fjármálaeftirlitið beinir því til sjóðsins að taka til endurskoðunar hvernig sjóðurinn hyggst framfylgja ákvæðum laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, í heild sinni.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við þá framkvæmd sjóðsins að banna greiðslur iðgjalda til sjóðsins nema með milligöngu fjármálafyrirtækis.